

Bæjarstjórn - 1941

## FUNDARBOÐ

**1941. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 6.  
nóvember 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2410408 - Brú lífeyrissjóður, réttindasafn Eftirlaunasjóðs, endurgreiðsluhlutfall 2025.**

2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

Lagt fram erindi frá Brú Lífeyrissjóð dags. 17. október sl. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2025 verðir óbreytt frá fyrri ári eða 73%.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**2. 2410392 - Straumhella 28, 30 og 32, umsókn um lóð**

4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

Lögð fram umsókn Bæjarbyggðar ehf. um lóðirnar nr. 28, 30 og 32 við Straumhelli.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðum nr. 28, 30 og 32 við Straumhelli til Bæjarbyggðar ehf.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

**3. 2409407 - Dverghella 10, umsókn um lóð**

8. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

Lögð fram umsókn R22 ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 10 við Dverghelli.

Fulltrúi sýslumanns dregur úr umsóknum og dregur út umsókn R22 ehf.

Bæjarráðs samþykkir að úthluta lóðinni til félagsins og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**4. 2410637 - Hvaleyrarbraut 12, samningur vegna uppbyggingar**

15. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

Bæjarráð vísar fralögðum samningi til bæjarstjórnar til staðfestingar

**5. 2410636 - Hvaleyrarbraut 8-10, samningur vegna uppbyggingar**

16.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.október sl.  
Bæjarráð vísar fralögðum samningi til bæjarstjórnar til staðfestingar

**6. 2410635 - Hvaleyrarbraut 4-6, samningur vegna uppbyggingar**

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.október sl.  
Bæjarráð vísar fralögðum samningi til bæjarstjórnar til staðfestingar

**7. 2410246 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, M3, breyting Hamranes**

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 31.október sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna reits M3 Hamranes. Breytingin felst í því að texta í skilmálum um fjölda hjúkrunarrýma er breytt.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða og leggur því til við bæjarstjórn að málsmeðferð fari skv. 2. mgr. 36. grein skipulagslaga.

**8. 2409999 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, IB11, breyting Ásland 4**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 31.október sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.  
Breytingin felst í textabreytingu í greinargerð vegna húsagerða á reit ÍB11/Áslandi 4.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða og leggur því til við bæjarstjórn að málsmeðferð fari skv. 2. mgr. 36. grein skipulagslaga.

Fulltrúi Viðreisnar bókar: Það er vandséð að fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting geti talist óveruleg, þar sem verið er að breyta blandaðri byggð í nær hreint sérþýlishverfi. Það er líklega ekki skynsamlegasti kosturinn miðað við stöðuna á húsnaðismarkaði í dag. Það hefði verið betra að hugsa þetta mál betur í upphafi og ekki samþykkja ónothæft deiliskipulag í flýti fyrir kosningar.

**9. 2310078 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 31.október sl.  
Bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar samþykkti 11. júlí 2024 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að hluta miðsvæðis M7 er breytt í stofnanasvæði og Hamarshöfn er stækkuð. Tillagan var auglýst 18.7-1.9.2024. Lögð fram samantekt umsagna og athugasemda og svör við þeim.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við framkomnum athugasemdum og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

**10. 2309533 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna**

## **varúðarsvæðis**

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 31.október sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.  
Breytingin felst í því að skilgreina landnotkun og afmörkun varúðarsvæðis í Hellnahrauni.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

## **11. 1906407 - Öldutún 4, bílskúr, deiliskipulagsbreyting**

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 31.október sl.  
Lögð fram breyting á deiliskipulagi "Öldugötu, Öldutún 2-6, Ölduslóð 1-10 og Hringbraut 1-15 " vegna Öldutúns 4. Breytingin felst í því að heimildum til byggingar bílgeymslu er breytt. Lögð fram samantekt umsagna og athugasemda sem bárust við kynningu málsins og svör við þeim.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öldugötu, Öldutún 2-6, Ölduslóð 1-10 og Hringbraut 1-15 vegna Öldutúns 4.

## **12. 2409735 - Málefni barna - og ungmenna í Hafnarfirði**

Samfylkingin óskar eftir eftirfarandi mál á dagskrá bæjarstjórnar.  
Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á fót fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa sem hafi það verkefni að gera úttekt stöðu barna og ungmenna í Hafnarfirði. Starfshópnum er falið að greina þau úrræði, sem börnum og ungmennum í fjölþættum vanda, standa til boða, bæði innan skólakerfisins og barnaverndarinnar sem og að gera úttekt á því forvarnar- og vettvangsstarfi sem unnið er á vegum bæjarins. Einnig verði þess freistað að nálgast félagslega stöðu barna og ungmenna, þátttöku þeirra í íþrótt-, menningar og tómstundastarfi. Sérstaklega skuli skoða stöðu barna sem hafa íslensku sem annað móðurmál. Hópurinn skal leita sem víðast fanga og freista þess að draga upp sem heildstæðasta mynd af stöðu mála. Fræðsluráði og Fjölskylduráði er falið útbúa erindisbréf hópsins en hópurinn verður skipaður af Fræðsluráði. Með starfshópnum starfa sviðsstjórar Mennta- og lýðheilsusviðs og Fjölskyldu- og barnamálasviðs en starfshópurinn getur einnig leitað til annarra aðila innan stjórnkerfis bæjarins sem vinna í þágu barna og ungmenna. Vinna starfshópsins verður kynnt bæði í Fræðsluráði og Fjölskylduráði og við það miðað að hann skili greinargerð/tillögum til bæjarstjórnar fyrir 1.maí næstkomandi. Einstaka tillögur frá hópnum til úrbóta verði skilað í áföngum fyrir þann tíma, ef hópurinn telur á því nauðsyn.

Greinargerð: Mikil umræða hefur að undanfögnu farið fram í samfélaginu um málefni barna og ungmenna út frá velferð þeirra og öryggi. Á síðustu mánuðum hafa átt sér stað mjög alvarlegir og sorglegir atburðir sem tengjast öryggi barna og ungmenna, sem eðlilega hefur haft áhrif á allt samfélagið. Við þessum nýja veruleika verður að bregðast og þar bera sveitarfélögin mikla ábyrgð. Þau halda utan um skólamálin og barnaverndina en mikilvægt er að þessi kerfi tali saman í þágu barna og ungmenna. Mikilvægt er að sveitarfélögin leiti allra leiða til þess að efla forvarnir í þágu barna og ungmenna til þess að stuðla að öryggi þeirra sem og að tryggja það að bærinn hafi aðgang að þeim úrræðum sem

nauðsynleg eru til þess að grípa börn og ungmenni með fjölpættan vanda. Atburðir síðustu vikna og mánaða sýna okkur enn og aftur hversu mikilvægt það er að við séum vakandi þegar kemur að velferð barna og ungmenna og séum alltaf að leita leiða til þess að bæta aðstæður þeirra og efla velferð þeirra. Í því ljósi og sem og vegna þeirrar miklu umræðu sem hefur átt sér stað að undanfögnu og velferð og öryggi barna og ungmenna er þessi tillaga lögð fram. Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður af Fræðsluráði en að bæði Fræðsluráð og Fjölskylduráð samþykki erindisbréf fyrir starfshópinn og vinna hans verði kynnt í báðum ráðum. Það er gert vegna þess að verkefni starfshópsins heyra undir bæði svið, þ.e. Mennta- og lýðheilsusvið og Fjölskyldu- og barnamálasvið. Einnig er lagt til að sviðsstjórar fyrrnefndra sviða starfi með starfshópnum og að starfshópurinn geti einnig kallað til alla þá aðila sem vinna að málefnum barna og ungmenna innan stjórnkerfis bæjarins, sem og utan bæjar eftir atvikum. Það er mikilvægt svo að sem best heildaryfirsýn náist yfir málaflokkinn.

## Fundargerðir

### 13. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

- a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18. október sl.
  - b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðarbæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 28. október sl.
  - c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 23. október sl.
  - d. Fundargerð 51. eigendafundar Sorpu bs. frá 25. október sl.
  - e. Fundargerð stjórnar SSH frá 21. október sl.
- Fundargerðir fræðsluráðs frá 23. og 30. október sl.
- a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 22. október sl.
- Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 23. og 30. október sl.
- Fundargerðir fjölskylduráðs frá 22. og 29. október sl.
- Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 31. október sl.
- Fundargerð forsetanevndar frá 4. nóvember sl.

## Áætlanir og ársreikningar

### 14. 2403380 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2025 og 2026-2028, fyrri umræða

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31. október sl.

Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2025 og langtímaáætlun 2026-2028. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Fjárhagsáætlun 2025 og langtímaáætlun 2026 ? 2028 er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

04.11.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

